

Skýrsla stjórnar Skautasambands Íslands tímabilið 2012-2014

Í stjórn ÍSS á síðastliðnum tveimur starfsárum voru eftirtaldir aðilar:

Björgvin Ingvar Ormarsson	SB	formaður
Svanhvít Jakobsdóttir	SB	gjaldkeri
Bjarnveig Guðjónsdóttir	SR	ritari
Kristín Þöll Þórsdóttir	SA	meðstjórnandi
Rut Hermannsdóttir	SA	meðstjórnandi
Margrét Jamchi Ólafsdóttir	SR	varamaður
Elín Gautadóttir	SB	varamaður

Fyrstu verk kjörinnar stjórnar að afloknu þingi vorið 2012 var að skipta með sér verkum. Fráfarandi stjórn hafði samþykkt að senda 2 keppendur á ISU JGP 2012, það var síðan í höndum nýrrar stjórnar að ganga frá umsóknunum þeirra. Þær sem urðu fyrir valinu voru þær Vala Rún B. Magnúsdóttir SR og Júlía Grétarsdóttir SB. Vala Rún keppti í Linz í Austurríki 12. – 16. september en Júlía í Chemnitz í Þýskalandi 10. – 13. október. Með Völu Rún í för voru þau Patrice Didier Paillares þjálfari og Erlendína Kristjánsson sem fararstjóri. Með Júlíu fór Erlendína og Björgvin I. Ormarsson sem fararstjóri og formaður. Stelpurnar gerðu sitt besta á mótunum og megum við vera stolt af þeirra frammistöðu sem þær sýndu á þessum tveimur mótum.

Haustmót ÍSS 2012 fór fram 28. – 30. september hjá SA á Akureyri.

Bikarmót ÍSS 2012 fór fram 26. – 28. október hjá SB í Egilshöll.

5. – 10. nóvember var haldið til Graz í Austurríki í för voru þau:

Junior

Vala Rún B. Magnúsdóttir SR

Adv. Novice

Agnes Dís Brynjarsdóttir SB

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir SA

Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir SA

Kristín Valdís Örnólfsdóttir SR

Puríður Björg Björgvinsdóttir SB

Þjálfari var Andrew Place SB og fararstjóri Sigrún Mogensen.

Keppnin heppnaðist í alla staði vel og stóðu okkar keppendur sig mjög vel. Keppendur, þjálfari og fararstjóri voru öll mjög ánægð með ferðina.

Íslandsmót ÍSS 2012 fór fram 23. - 25. nóvember hjá SR í Laugardal.

Skautakona ársins 2012, með góðri frammistöðu var Vala Rún B. Magnúsdóttir.

2013

Norðurlandamót 2013 var haldið hér á landi dagana 31. janúar - 3. febrúar. Við opunarhátíðina voru margir góðir gestir mættir og varð það hlutverk Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra að opna mótið. Ekki er hægt að segja annað en mótið hafi tekist með afburðum vel, öll umgjörð og utanumhald var til fyrirmyndar og fengum við hrós fyrir. Þátttakendur voru 93 talsins, full sætanýting var hjá íslensku keppendum í Junior og Adv. Novice. Stjórn ÍSS samþykkti að bjóða Guðbjörgu Guttormsdóttur að taka þátt í keppni Senior skautara sem gestaskautari þar sem hún hafði ekki náð lágmarkum til þátttöku. Stelpurnar okkar stóðu sig allar með prýði og mega þær vera stoltar með sína frammistöðu.

Senior keppandi

Guðbjörg Guttormsdóttir SR

Junior keppendur:

Agnes Dís Brynjarsdóttir SB

Júlía Grétarsdóttir SB

Nadia Margrét Jamchi SR

Vala Rún B. Magnúsdóttir SR

Adv. Novice keppendur:

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir SA

Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir SA

Kristín Valdís Örnólfsdóttir SR

Puríður Björg Björgvinsdóttir SB

European Youth Olympic Winter Festival 2013 EYOWF var haldið í Brasova 17. – 22. febrúar. Fyrir valinu var Agnes Dís Brynjarsdóttir SB, þjálfari og fararastjóri Erlendína Kristjánson SB. Í för var skíðafólk frá Skíðasambandi Íslands, Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ heimsótti keppendur á leikunum. Agnes Dís fór fyrir íslenska hópnum sem fánaberi á opunarhátíðinni. Agnesi Dís gekk vel á mótinu og má vel við una.

Vetrarmót ÍSS 2013 fór fram 23. - 25. febrúar hjá SA á Akureyri.

21. - 24. mars fóru stúlkur frá SA á Mladost Trophy 2013 í Zagreb í Króatíu, stúlkunum gekk vel á mótinu og ferðin vel heppnuð í alla staði. 24. - 30. mars héldu stelpurnar frá Zagreb á World Development Trophy í Cieszyn í Póllandi í 4 daga æfingarbúðir sem lauk með keppni.

Junior keppandi:

Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir

Adv. Novice keppendur:

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir

Sara Júlía Baldvinsdóttir

Basic Novice keppandi:

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir

Þjálfari og fararastjóri var Iveta Reitmayerova.

22. - 24. mars fóru eftirfarandi stúlkur á Coupe De Primtempes í Luxemborg og gekk þeim ágætlega á þessu móti og ferðin skemmtileg í alla staði.

Junior keppendur:

Agnes Dís Brynjarsdóttir SB

Júlía Grétarsdóttir SB

Nadia Margrét Jamchi SR

Vala Rún B. Magnúsdóttir SR

Adv. Novice keppendur:

Kristín Valdís Örnólfsdóttir SR

Puríður Björg Björgvinsdóttir SB

Þjálfari var Nicolay Shashikov SR og fararstjóri Kristín Þöll Þórsdóttir frá SA.

Þann 19. júní 2013 missti íþróttahreyfingin góðan og öflugan leiðtoga, Ólafur E. Rafnsson forseti ÍSÍ lést á 50. aldursári sínu langt um aldur fram og er hans sárt saknað. Undirritaður kynntist Ólafi fljótlega eftir þing ÍSS 2012 og tókst með okkur ágætis vinskapur, hann sýndi skautaíþróttinni mikinn áhuga eins og öllum öðrum íþróttagreinum innan ÍSÍ. Eitt skipti er við Ólafur vorum að ræða um íþróttastarfið nefnir hann við mig að byggja þyrfti nýja keppnisskautahöll við hlið þeirra gömlu í Laugardalnum. Hún ætti að vera mun stærri þannig að hægt væri að æfa og keppa í skautahlaupi og að þetta væri eitt af forgangsverkefnum á framkvæmdum íþróttamannvirkja á Íslandi í dag. Á NM2013 fengum við að njóta samveru hans við setningarathöfnina og hafði hann orð á því hvað öll umgjörð mótsins væri falleg og við mættum vera stollt af. Einnig báðum við Ólaf um að vera við verðlaunaafhendingu og varð það ekkert annað en sjálfsagt af hans hálfu og þótti honum það mjög miður að geta ekki mætt á þá seinni líka. Við verðlaunaafhendinguna mætti hann með eftirlifandi eiginkonu sinni Gerði Guðjónsdóttur og nefndu þau bæði hvað öll umgjörð mótsins væri glæsileg. Við í skautahreyfingunni vottum eftirlifandi eiginkonu og börnum innilegar samúðarkveðjur og blessuð sé minning hans.

Í júlí fór Sunna Björk Mogensen til Frankfurt og sat námskeið sem veitti henni réttindi sem ISU DRO (Data and Replay Operator) og þar með er Sunna Björk fyrsti Íslendingurinn sem fær ISU réttindi.

Stjórn ÍSS þakkaði Jóhönnu fyrrum starfsmanni fyrir vel unnin störf og óskuðum við henni velfarnaðar um ókomna framtíð.

25. – 29. september héldu þær Agnes Dís Brynjarsdóttir SB og þjálfari hennar og fararstjóri Clair Wileman SB á ISU JGP í Minsk í Hvíta-Rúslandi. Ekki gekk átakalaust að komast inn í landið þar sem landamæraverðir stöðvuðu för þeirra vegna lélegra ljósmynda að þeirra sögn og að þær ættu alltaf að ferðast með auka mynd á sér. Úr rættist eftir 4 klst. símtala formanns við Clair, mótsstjóra og mótstjóri við yfirvöld í Minsk. Að lokum var samþykkt að hleypa þeim inn í landið með þeim skilyrðum að ef þær kæmu ekki með nýjar ljósmyndir af sér um morguninn til yfirvalda yrði þeim vísað

úr landi og mótshaldari settur bak við lás og slá. Aðstæður sem þessar er ekki hægt að bjóða okkar fólki upp á og ættum við að hugsa okkur tvisvar um að senda keppendur á slóðir sem þessar. Agnes stóð sig með ágætum þrátt fyrir allt sem að undan hafði gengið.

Haustmót ÍSS 2013 fór fram 27. – 29. september hjá SR í Laugardal.

9. – 13. október hélt Vala Rún B. Magnúsdóttir SR ásamt þjálfara og fararstjóra sínum John Kauffman á ISU JGP í Tallin í Eistlandi. Keppnin gekk vel og skilaði Vala Rún ágætis árangri.

Bikarmót ÍSS 2012 fór fram 25. – 27. október hjá SA á Akureyri.

Íslandsmót ÍSS 2012 fór fram 29. nóvember - 01. desember hjá SB í Egilshöll.

Á haustmánuðum var tekin sú ákvörðun af stjórn að ráða framkvæmdastjóra til starfa með það að markmiði að gera skautastarfið sýnilegra og þ.a.l. meiri möguleiki á að leita til fyrirtækja um styrkveitingar. Sett var auglýsing í fjölmiðla og voru 10 mjög álitlegir umsækjendur boðaðir til viðtals. Fyrir valinu var Ingibjörg Halldórsdóttir, íþrótafræðingur frá KHÍ með mastersgráðu í verkefnastjórnun frá HR.

2014

RIG, Reykjavík International Games 24. - 26. janúar 2014 var haldið í fyrsta skipti á vegum ÍSS í Skautahöllinni í Laugardal. Keppandafjöldi var ekki eins mikill og vonast var til, hugsanlega hafði það áhrif að á sama tímabili voru mörg klúbbamót í Evrópu ásamt mótum hjá ISU. Í enda mars var samþykkt af stjórn að senda beiðni til ISU um að skrá RIG inn á mótaskrá ISU. Þau gleðitíðindi bárust ÍSS þann 30. apríl s.l. að RIG er komið inn í mótaskrá ISU fyrir tímabilið 2014 til 2015 dagana 15. - 18. janúar. Komandi stjórn er því komin með krefjandi og skemmtilegt verkefni til að vinna úr á næstu mánuðum.

Dragon Trophy & Tivoli Cup fóru fram dagana 6. - 9. febrúar síðastliðnum í Lublijana í Slóvaníu, til keppni héldu;

Junior:

Agnes Dís Brynjarsdóttir SB

Vala Rún B. Magnúsdóttir SR

Adv. Novice:

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir SA

Emelía Rós Ómarsdóttir SA

Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir SB

Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir SA

Kristín Valdís Örnólfsdóttir SR

Springs (Tivoli Cup)

Helga Karen Pedersen SB

Þjálfarar með í för voru þær; Iveta Reitmerova SA og Clair Wileman SB, þær fóru einnig sem fararstjórar. Öll ferðin heppnaðist í alla staði mjög vel.

Í byrjun apríl fóru þær Vala Rún B. Magnúsdóttir og Kristín Valdís Örnólfsdóttir frá SR til Gdansk í Póllandi í 4 daga æfingarbúðir sem lauk með keppni. Með í för var þjálfarinn og fararstjórinn John Kauffman hjá SR. Einnig stóð til að þær Agnes Dís Brynjarsdóttir, Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir og Helga Karen Pederen úr SB færu með, en því miður varð af því vegna óviðráðanlegra ástæðna.

Skautakona ársins 2013 í annað sinn er Vala Rún B. Magnúsdóttir og sýndi hún og sannaði að hún er hún vel að titlinum komin sem góður íþróttamaður.

Norðurlandamót 2014 í listhlaupi á skautum var haldið dagana 27. febrúar til 02. mars 2014 í Uppsöllum í Svíþjóð. Ísland átti sjö keppendur á mótinu, ásamt þeim voru þrír þjálfarar, TS, DVO, fararstjóri og formaður. Í Junior og Adv. Novice tóku tuttugu stúlkur þátt í keppni í báðum flokkum. Mótið var í alla staði skemmtilegt, íslensku keppendurnir stóði sig með sóma og mega vera stoltir þar sem andstæðingarnir voru nokkuð öflugir við að etja.

Með í för voru:

Junior

Agnes Dís Brynjarsdóttir SB
Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir SA
Vala Rún B. Magnúsdóttir SR

Adv. Novice

Elísabet Ingibjörg Sævarsdóttir SA
Emilía Rós Ómarsdóttir SA
Guðrún Elísabet Björgvinsdóttir SB
Kristín Valdís Örnólfsdóttir SR

Fylgdarlið

Þjálfarar: Clair Wileman, John Kauffman og Iveta Reitmerova.
Fararstjóri: Ingibjörg Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri ÍSS.
Tæknidómari (TS) - Ásdís Rós Clark
Tæknipanell (DRO) - Sunna Björk Mogensen.
Formaður ÍSS: Björgvin I. Ormarsson

Vetrarmót ÍSS 2014 fór fram 14. mars - 16. mars hjá SR í Laugardal.

Í apríl 2014 sótti Skautasambandið um dómaranámskeið hjá ISU fyrir þær Berglindi Rós Einarsdóttur og Kristínu Helgu Hafþórsdóttur og er beðið eftir svari frá ISU um þátttökurétt.

Grunnpróf voru haldin tvisvar á ári eins og gert er ráð fyrir í reglum ÍSS ásamt aukaprófum í desember að ósk aðildarfélaganna.

Dómara- og tækninámskeið var haldið hérlendis í ágúst 2012. Olga Baranova og Carina Kelly sá um kennsluna.

Dómara- og þjálfaranámskeið var haldið hérlendis í ágúst 2013. Leena Laaksonen sá um kennsluna.

55. ISU þing verður haldið í Dyflinni í Írlandi dagana 9. – 13. júní og er búið að sækja um setu á þinginu fyrir ný kjörinn formann ÍSS.

Allar niðurstöður og upplýsingar móta er að finna á heimasíðu ÍSS.

Að lokum tel ég að langtíma markmið ÍSS ætti áfram að vera eins og áður það er að byggja upp íþróttina hérlendis, mennta þjálfara, dómara og tæknipanel, stuðla að auknum æfingartímum sem félögin hafa til ráðstöfunar, vinna að því að hægt verði að æfa allt árið um kring hérlendis og að Ísland verði í toppbaráttu á erlendum vettvangi í framtíðinni. Samvinna ÍSS, aðildarféлага og fagfólks er nauðsynleg til framdráttar fyrir íþróttina. Mikilvægt er styðja aðildarfélögin við að efla unga og efnilega skautara með því að gefa þeim tækifæri á að taka þátt í sterkari mótum erlendis. Aldurinn sem um ræðir er 12 ára og yngri. Að sjálfsögðu þarf einnig að styðja við bakið á þeim sem eldri eru eins og gert hefur verið, en alltaf má betur gera ef duga skal.

Ég óska íþróttinni og iðkendum hennar alls hins besta á komandi árum og um ókomna framtíð.

Reykjavík, 3. maí 2014



Björgvin Ingvar Ormarsson
formaður Skautasambands Ísland